

Sjöundi fundur

Árið 2007, mánudaginn 25. júní kl. 10:00 kom samstarfsnefnd um sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar saman til fundar í Kjarna.

Mætt: Ásvaldur Þormóðsson, Erlingur Teitsson, Böðvar Pétursson, Dagbjört Bjarnadóttir, Bjarni Höskuldsson og Hólmgeir Hermannsson, ásamt verkefnisstjóra Reinhard Reynissyni.

Formaður, Erlingur Teitsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist helst.

- 1) Fyrir liggja drög að skýrslu RHA um skólamál. Farið var yfir efni draganna og ýmsar athugasemdir gerðar og spurningar settar fram sem verkefnisstjóri mun koma á framfæri við skýrsluhöfunda.
- 2) Samþykkt að framlengja ráðningartíma Reinhards Reynissonar sem verkefnisstjóra sbr. 2. gr. ráðningarsamnings, út starfstíma samstarfsnefndarinnar, á sömu ráðningarkjörum og gilt hafa.
- 3) Rætt um kynningu og umræða um verkefni og starf nefndarinnar gagnvart íbúum og sveitarstjórnarfólki á sameiningarsvæðinu. Ákveðið að senda út kynningarefni í byrjun júlí og birta skýrslu RHA þegar hún liggur fyrir í endanlegri gerð, sem gert er ráð fyrir að verði um miðjan mánuðinn. Einnig ræddur sá möguleiki að boða til sérstakra kynningar- og umræðufunda í sveitarfélögunum í annarri viku júlímánaðar. Ákveðið að hugsa málið frekar og að ákvörðun verði tekin á símafundi eða með tölvupóstsamskiptum.
- 4) Stefnt að næsta fundi til undirbúnings hugsanlegum kynningarfundum en verði þeir ekki haldnir, þá þegar skýrsla RHA liggur fyrir í endanlegri mynd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:45